

24. gr.

Nú er tjónsatburður hafinn eða er talinn yfirvofandi, er þá óheimilt að taka nýjar tryggingar á þeim stað eða svæði, sem í hættu er, eða breyta eldri tryggingum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 88 8. nóvember 1982 um Viðlagatryggingu Íslands og tekur gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 46 9. janúar 1979 um bótaskyld tjón hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

30. desember 1982.

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Áfrýjunarleyfi	435,00
2. Návaleyfi	435,00
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	220,00
4. Lögskilnaðarleyfi	435,00
5. Ættleiðingarleyfi	220,00
6. Leyfisbréf til heildsölu	21 500,00
7. Leyfisbréf til umboðssölu	10 800,00
8. Leyfisbréf til smásölu	5 300,00
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	4 400,00
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	220,00
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	4 400,00
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	2 200,00
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	1 550,00
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	220,00
15. Leyfi til tækifærisveitinga	235,00
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	5 600,00
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára .	9 600,00
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára	18 700,00
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	320,00
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	560,00
18. Iðju- og iðnaðarleyfi	2 200,00
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	3 200,00
20. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	620,00
21. Leyfi til að stunda almennar lækningar	620,00
22. Leyfi til að stunda sér lækningar	3 200,00
23. Leyfi til að stunda tannlækningar	620,00
24. Sérfræðileyfi til tannlækninga	3 200,00
25. Leyfi til fasteignasölu	1 060,00
26. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	120,00
27. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	55,00
28. Leyfisskirteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	220,00

	kr.
29. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	220,00
30. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	3 200,00
31. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9 gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	1 060,00
32. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl.	220,00
33. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	220,00
34. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	55,00
35. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	435,00
38. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	220,00

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	220,00
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	120,00
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra	120,00
4. Skírteini til aksturs bifhjóls	120,00
5. Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar	220,00
6. Ökuskírteini, alþjóðlegt	220,00
7. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	220,00
8. Meistarabréf	1 060,00
9. Sveinsbréf	220,00
10. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skírteini	120,00
11. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skírteini	340,00
12. Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	435,00
13. Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	120,00
14. Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	220,00
15. Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	340,00
16. Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	435,00
17. Flugnema- og svifflugmannsskírteini	120,00
18. Einkaflugmannsskírteini	220,00
19. Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl.	340,00
20. Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl.	625,00
21. Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl.	1 060,00
22. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini	625,00
23. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a) staðbundin skírteini	120,00
b) sveinsskírteini	120,00
c) meistaraskírteini	220,00
24. Naglabyssuskírteini	120,00
25. Skírteini fyrir suðumenn	120,00

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Skráning samvinnufélags	1 550,00
2. Skráning útibús	800,00
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	1 040,00
4. Skráning firma eins manns	625,00
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	1 060,00
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	170,00
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	170,00
8. Afturköllun prókúru	120,00
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	740,00
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	370,00
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	740,00
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	370,00
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	370,00
14. Skráning bifhjóls, umskráning	180,00
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	180,00
16. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	180,00
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	180,00
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	180,00
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	180,00
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	180,00
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	180,00
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	370,00
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	370,00
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	1 130,00
25. Skráning loftfars til einkaflugs	465,00
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	465,00
27. Skráning kaupmála	220,00

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast 58,00 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarkspunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 380,00 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 530,00 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 6,30 kr. af hverri nettórúmllest skipsins. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 7,20 kr. af hverri nettórúmllest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

kr.

1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkar, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl.) 1 060,00
 2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) 220,00
- Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

kr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða 170,00
2. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar 120,00
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann 120,00
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æska í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) 29,00
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna 38,00
6. Fyrir veðbókarvottorð 58,00
7. Fyrir önnur embættisvottorð 38,00
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann 16,00

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

kr.

Fyrir vélritaða síðu 16,00

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru 38,00

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald 4,50 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 681/1981.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.